

**REG 1**  
**Fagfjárfestasjóður**  
Árshlutareikningur 30. júní 2015

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....	7
Yfirlit um fjárfestingar .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur sjóðsins REG 1 er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Enginn hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins nam einni milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2015

Í stjórn félagsins:

Árind Ruedalþóttir  
Svara Bjarnadóttir  
Kjartan Gunnarsson  
Kjetill Þorsteinsson  
Johanna Elfrún

Framkvæmdastjóri:

Þórir Hauðsson

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í REG 1

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning REG 1 fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2015. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árs hlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2015 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Reykjavík, 27. ágúst 2015

**Deloitte ehf.**

Pálína Árnadóttir

Endurskoðandi

Pétur Hansson

Endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2015

	Skýr.	01.01. - 30.06. 2015	01.01. - 30.06. 2014
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	3-5		
Vaxtatekjur og verðbætur .....		201	171
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 197 )	( 167 )
Hreinar fjármunatekjur		<u>4</u>	<u>4</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýslupóknun .....	6	<u>4</u>	<u>4</u>
		<u>4</u>	<u>4</u>
<b>Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....</b>		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2015

	Skýr.	30.06. 2015	31.12. 2014
<b>Eignir</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	5.611	5.590
Fjárfestingar samtals	12	5.611	5.590
Aðrar eignir .....		1	1
Aðrar eignir samtals		1	1
<b>Eignir samtals</b>		<b>5.612</b>	<b>5.591</b>
<b>Skuldir</b>			
Hlutdeildarskírteini .....	10	1	1
Útgefin skuldabréf .....	11	5.608	5.588
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag .....		3	2
Aðrar skammtímaskuldir .....	8	0	0
Aðrar skuldir samtals		5.611	5.590
<b>Skuldir samtals</b>		<b>5.612</b>	<b>5.591</b>
Hlutdeildarskírteini .....		0,88	0,82
Fjöldi eininga (í millj.) .....		0,60	0,60
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabilsins .....	10	1,46	1,36

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign

## 1. janúar - 30. júní 2015

	Skýr.	01.01. - 30.06. 2015	01.01. - 30.06. 2014
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....		0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Seld hlutdeildarskírteini .....		0	0
		0	0
Hækkun á hlutdeildarskírteinum .....		0	0
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....		1	1
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins.....	10	1	1

## Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2015

	Markaðs- verð	Eign 30.06.2015 %	Eign 31.12.2014 %	Eign Breyting %	Fjárfestingarstefna	
					Lágmark %	Hámark %
Lánssamningar við Knatthöllina ehf. og Kvikmyndahöllina ehf. ....	5.611	100	100	0	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé .....	0	0	0	0	0	100
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga .....</b>	<b>5.611</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>0</b>		

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Starfsemi

Sjóðurinn REG 1 var stofnaður 16. október 2012. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini, með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagæringa. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur REG 1 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Stefni hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningurinn er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

### 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði reikningsskilanna sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlíbyrjun 2015. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

### 5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

### 6. Umsýslupóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýslupóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri póknun greiðir Stefni hf. vörslupóknun til Arion banka hf. Umsýslupóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

### 7. Verðbréf með föstum tekjum

#### Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningum. Í bókhaldi sjóðsins eru lánsamningarnir uppreiknaðir miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

### 8. Aðrar skuldir

Til annarra skulda telst úppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til hækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.

## Skýringar, frh.:

### 9. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

### 10. Hlutdeildarskírteini

a. Raunávöxtun sjóðsins REG 1 miðað við 30. júní 2015 er:

	Ávöxtun
Síðustu 3 mánuði .....	2,02%
Síðustu 6 mánuði .....	5,41%
Síðustu 12 mánuði .....	14,53%

b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina:

	Bókfært verðmæti	Gengi
30. júní 2015 .....	1	1,46
31. desember 2014 .....	1	1,36
31. desember 2013 .....	1	1,18

### 11. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn REG 1 gefur m.a. út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

Verðtryggt lán .....	5.608
----------------------	-------

Greiðslur af útgefnum skuldabréfum í júnílok 2015 greinast þannig:

Til greiðslu 2015 .....	115
Til greiðslu 2016 .....	148
Til greiðslu 2017 .....	148
Til greiðslu 2018 .....	148
Til greiðslu 2019 .....	148
Til greiðslu síðar .....	4.901
	<u>5.608</u>

### 12. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting

	Annað kr.	%	Samtals kr.	%
Aðrir fjármálagerningar .....	5.611	100	5.611	100
	<u>5.611</u>	<u>100</u>	<u>5.611</u>	<u>100</u>